

Íslendingurinn Ægir Björnsson slær í gegn með uppgötvun sína:

Europa filterinn fékk „Óskarinn“ í Gautaborg

Það er alltaf ánægjulegt þegar Íslendingar gera það gott í útlöndum. Siglfríðingurinn og stýrimaðurinn Ægir Björnsson, sem hefur verið búsettur í Smögen í Svíþjóð síðustu 34 ár, frá árinu 1969, hefur sannarlega slegið í gegn með uppgötvun sína, sem hann kallar Europa filter olíuhreinsikerfið fyrir smurolíur og glussa. Hann gerði sér lítið fyrir og fékk fyrstu verðlaun á risastórri vörusýningu í Gautaborg, sem var haldin dagana 9. til 12. mars sl. og skákáði þar mörgum stórfyrirtækjum.

Uppgötvun Ægis, sem hann hefur raunar verið að vinna að í rúma tvo áratugi, er stórmerkileg og til þess fallin að ná mikilli útbreiðslu um allan heim á næstunni. „Það er ljóst að þessi verðlaun eru gríðarlega mikilvæg fyrir mitt litla fyrirtæki. Til þessa hefur Europa filter kerfið verið fyrst og fremst nokkuð þekkt hér í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi, en nú eru allir möguleikar á að markaðssetja tækið mun víðar. Þessi verðlaun koma okkur á kortið svo um munar,“ segir Ægir og það er greinilegt að hann er vart búinn að átta sig enn á að hafa hlotið verðlaunin. „Það má segja að þetta sé eins og að fá Óskarinn í þessum viðhaldsgeira,“ segir Ægir.

Ægir Björnsson með verðlaunagripinn sem hann fékk til staðfestingar á „Stora Produktivetspriset“ í Gautaborg í mars. Verðlaunin segir Ægir að opni sér og uppgötvun sinni ótal nýjar leiðir.

„Stora Produktivetspriset“

Umrædd sýning í Gautaborg er haldin annað hvert ár, en hún er klárlega stærsta sýning sinnar tegundar í Skandinavíu, þar sýna á bilinu 4-500 fyrirtæki það nýjasta varðandi vélar o.fl. í þeim efnunum. „Það voru sautján hugmyndir tilnefndar til verðlaunanna, sem kallast á sænsku „Stora Produktivetspriset“ og úr þeim voru fimm valdar til frekari skoðunar. Það kom mér afar skemmtilega á óvart að hljóta verðlaunin. Þetta opnar ýmsar dyr fyrir mér og það er ljóst að verðlaunin hafa það í för með sér að við þurfum að setja aukinn kraft í að koma þessu á markað. Nú þegar hafa nokkrir stórir aðilar haft samband við mig og vilja koma að þessu

með mér. Ég á eftir að fara yfir málin og meta næstu skref,“ segir Ægir.

Öflugt tæki

Fyrirtæki Ægis, sem framleiðir Europa filter olíuhreinsikerfið, heitir einfaldlega Europafilter AB. Fyrirtækið hefur einkarétt á Europa filternum í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Europa filterinn hefur þá sérstöðu að taka bæði til sín vatn og föst óhreinindi í olíunni, allt niður í agnastærðina 0,1 mikron. Þessi olíuhreinsikerfi eru tengd sem framhjálaupskerfi og eru sívinnandi við að hreinsa olíu þeirra kerfa sem þau eru tengd við.

Sían er fastsett í síuhús sem er úr ryðfríu stáli, olíunni er dælt inn í það með dælu sem er hluti af kerfinu. Til að fylgjast með ástandi síunnar er tengdur þrýstímælir við síuhúsið sem mælir þrýsting olíunnar inni í húsinu, jafnframt fylgir öllum kerfum frá Europa filter sjónglas/flæðismælir með hjóli þar sem hægt er að sjá rennslið.

Olíumagnið sem á að hreinsa ræður stærð hreinsikerfisins.

Mun lengri endingartími véla með notkun Europa filter kerfisins

Með því að halda olíunni hreinni margfaldast endingartími hennar og þannig minnkar kostnaður vegna olíuskipta sem og slit á núningsflötum sem þýðir minni viðhaldskostnað. Það hefur margoft komið fram að 80-90% bilana má rekja til óhreininda í olíu og því er hér um gríðarlega



Smögenbo nominerad till fint pris


SOTENÁS: Att ha en vision och sedan envist göra allt för att nå upp till den – så ser Aegir Björnssons framgångsrecept ut.

I dag kan han vinna Stora produktivetspriset på mässan Underhåll 2004.

Smögenbo Aegir Björnsson är mannen bakom Europa filter, ett sinnrikt konstruerat som rätt hanterat från att oxidera. De är inte ett evigt, så bra mycket längre mår samlar upp både förorenade partiklar som andra filter inte gör att oljan hålls ren längre n slitaget på maskindelarna os.

Europafilter tog hem Stora Produktivetspriset

Östling, Scania's
erncher, sprättade kuvert i
Scars-stil. Spänningen



Um verðlaunaveitinguna hefur verið fjallað í fjölmörgum sænskum blöðum.

mikilvæga fyrirbyggjandi aðgerð að ræða og sparar verulega fjármuni.

Hér á landi hefur þetta kerfi smám saman verið að ryðja sér til rúms, yfir 40 bátar og skip hafa Europa filter kerfi til hreinsunar á glussaolíu og spennaolíu. Mergi ehf. er umboðsaðili fyrir Europa filter hér á landi.

Örlítið vatnsinnihald í olíunni getur haft alvarlegar afleiðingar

Ægir segir augljóst að því hreinna sem smurningsefnið er, því betra. „Jafnvel örlítið vatnsinnihald eins og 0,01% er nægjanlegt til að lækka líftíma legu um helming. Þetta þýðir að það borgar sig að hafa smurninguna ávallt eins lausa við vatn og óhreinindi eins og mögulegt er. Hvað gerum við til að koma í veg fyrir rakann í dag? Jú, við síum olfuna eða skiljum hana í olfuskilju þ.e.a.s. við notum sömu aðferðir og hafa verið notaðar síðastliðin 50 til 60 ár. Það sem við verðum að gera er að hreinsa olíuna til að koma í veg fyrir vandræðin. Og ef olían á að hreinsast vel verður hún að vera það mikil að allar agnir niður í 0,1 mikrometer náist burt ásamt öllu vatni hvort sem það er uppleyst eða laust.

Við viljum vernda viðkvæmstu hluti vélarinnar og koma í veg fyrir oxideringu (sýrumyndun) í olíunni. Ef við gerum það ekki verðum við að stytta tímann milli olfuskipta. Vissir hlutir vélarinnar hafa rýmd milli slitflata 0,5-1,0 mikrometra. „Oxidation“

agnir eru 0,3 - 4,3 mikrometrar.

Ef við höfum hundruð milljóna agna og vatn á ferðinni myndast núningsmótstaða og þar með „oxidering“ sem smátt og smátt ruglar jafnvæginu í smureiginleikum olíunnar. Þannig minnka smureiginleikarnir og við verðum að skipta um olíu,“ segir Ægir.

Statoil mælir með kerfinu

„Það er einfaldlega þannig að olía er fyrir vélar það sama og blóð í manningum. Ef olían bilar, eru vélarnar fljótar að gefa eftir. Við erum búnir að færa sönnur á að Europa-filterinn lengir endingartíma véla verulega og þetta hafa margir af okkar viðskiptavinum staðfest. Ég get sérstaklega nefnt að stórfyrirtækið Statoil hefur notað þetta kerfi með mjög góðum árangri og þeir hafa gefið mér leyfi til þess að vitna til góðrar reynslu þeirra af kerfinu í minni markaðssetningu. Það er mér að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægt að geta sagt að fyrirtæki eins og Statoil mæli eindregið með notkun á þessu kerfi. Það er ekki lítils virði í minni markaðsfærslu. Statoil-menn segja m.a. að það sé ekki til betra hreinsunarkerfi í heiminum fyrir smurolíur og glussa. Svona einkunn svo og þessi verðlaun gefur manni auðvitað byr undir báða vængi,“ segir Ægir.

Stýrimaður að mennt

Eins og áður segir hefur Ægir Björnsson búið í Svíþjóð undanfarin rösklega þrjátíu ár. Hann er stýrimaður að mennt, útskrifaðist úr Stýrimannaskólanum árið

1967 og var um tíma stýrimaður á flutningaskipinu Haferninum. Eftir að hann flutti til Svíþjóðar árið 1969 starfaði hann að ýmsu, m.a. í þjónustufyrirtæki við olíuhreinsunarstöð. Árið 1979 hóf hann að snúa sér að því sem hann er að fást við í dag og árið 1990 stofnaði hann Europafilter AB. Nú þegar eru starfsmenn á vegum fyrirtækisins í Svíþjóð og Noregi, auk sölumanna. Ársveltan er 13 milljónir sænskra króna, eða sem næst 130 milljónir króna. Fullvíst má telja að þessi veltutala eigi eftir að hækka verulega á næstunni, í kjölfarið á áður nefndum verðlaunum.

Á annað hundrað kerfi hér á landi

Gunnar Sæmundsson hjá Mergi ehf. segir að Europa filter kerfið hafi sannað sig hér á landi. Hann segir að nú þegar sé búið að selja á annað hundrað kerfi um borð í stærri og smærri skip hér á landi og sömuleiðis hefur kerfið sannað gildi sitt í fjölbreyttri atvinnustarfsemi í landi.

Europa filterinn hefur þá sérstöðu að taka til taka bæði til sín vatn og föst óhreinindi í olíuinni, allt niður í agnastærðina 0,1 mikron. Hér á landi hafa verið seld á annað hundrað slík kerfi.

